

Skil á gögnum við lok á sérnámsgrunni

Það sem þarf að gera á síðustu vikum sérnámsgrunnsársins:

1. Sjá til þess að öllu hafi verið lokið eða skilað til menntedeildar LSH, eða SAK þar sem það á við.

Standa þarf skil á eftirfarandi:

- ePortfolio-i, og öllu öðru skv. gátlista fyrir lok árs, um fjórum vikum áður en sérnámsgrunni lýkur samkvæmt námsblokk. ePortfolio-ið þarf að fást samþykkt af kennslustjóra á LSH eða SAK.
- Öllu lokið sem óskað er eftir í Excel-skjali um skil á gögnum.
Listinn er sendur annað slagið yfir árið til sérnámsgrunnslækna. Þar kemur fram að skila þarf gátlista fyrir upphaf árs á LSH, mæta a.m.k. 10 sinnum í fræðslu fyrir sérnámsgrunnslækna og skila LSH-farsíma og hleðslutæki (allt verði gulir reitir í skjali).
- Gátlista varðandi viðurkenningu á lokum sérnámsgrunns.
Listanum skal skila alveg í lok árs (á síðasta eða næstsíðasta virka degi fyrir lok ársins) og alls ekki fyrr en öllum atriðum listans hefur sannanlega verið lokið.

2. Staðfestingarskjal um lok á sérnámsgrunni verður sent til ykkar í tölvupósti eftir að öllu ofangreindu hefur verið lokið, en þó ekki fyrr en fyrsta virka daginn eftir lok sérnámsgrunns skv. námsblokk. Ekki eru gerðar undantekningar á því.
3. Þeir sem hafa verið með tímabundið lækningaleyfi sækja sem allra fyrst um almennt lækningaleyfi, sjá skjalið „Umsókn um almennt lækningaleyfi að loknum sérnámsgrunni“.
4. Þau sem fara fljótlega í starf sem lækna/sérnámslækna á Landspítala sendi staðfestingarskjal um lok á sérnámsgrunni til Berglindar Möller (berglmol@landspitali.is) hjá mannauðsdeildinni, en hún heldur utan um ráðningar lækna/sérnámslækna.